

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag hótels og íbúðarbyggðar við Hvítá, Laugarási.*  
Í deiliskipulaginu felst að endurskoða deiliskipulag lóðarinnar Iðufells, þar sem er gisti- og veitingarekstur og aðliggjandi íbúðarsvæðis. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hótélrekstri að Iðufelli og heimilt að rífa núverandi byggingu (gamla sláturhúsið) og reisa allt að 6.000 m<sup>2</sup> hótélbyggingu auk 16 stakstæðra gistiskála samtals 360 m<sup>2</sup> að stærð. Á íbúðarsvæðinu er gert ráð fyrir raðhúsum með allt að 20 íbúðum. Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis sem samþykkt var 12. janúar 2010. Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2016.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Hrauntún 1, 2 og 3, Hrauntún, lnr. 167113.*  
Breytingin felur í sér afmörkun á lóðum utan um áður samþykktu byggingarreiti. Svæðið nær yfir rúmlega 2 ha í suðurhluta jarðarinnar Hrauntún, lnr. 167113, sem afmarkast af Andalæk til austurs, að norðan af Kóngsvegi, til vesturs af Taglalæk og síðan af Laugarvatnsvegi til suðurs. Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 9. nóvember 2016.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2016